

Sp.

18. Tillaga til þingsályktunar

um viðbótarvirkjun í Soginu og í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að viðbótarvirkjunum í Soginu og í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu verði lokið svo fljótt, sem frekast má verða, og ekki síðar en haustið 1949. Í þessu skyni skal ríkisstjórnin sjá um, að veitt verði nægileg gjaldeyrisleyfi til að tryggja nauðsynlega aðstoð erlendra sérfræðinga við tæknilegan undirbúning virkjananna og fjárfestingarleyfi til framkvæmdanna. Enn fremur noti ríkisstjórnin án tafar heimild, er Alþingi veitti henni 24. maí s. l., til þess að festa kaup á vélum og efni til Laxárvirkjunarinnar.

Greinargerð.

Það er mjög aðkallandi nauðsyn, að umræddar virkjanir verði framkvæmdar svo fljótt, sem frekast er kostur á. Höfuðborg landsins ásamt Hafnarfirði fær meginhluta raforku sinnar frá Sogsvirkjuninni. Auk þess hafa nú verið tengdar við þá virkjun raforkuveitur um Reykjanes og um Árnes- og Rangárvallasýslur. Virkjunin er nú þegar yfirhlaðin, svo að taka verður strauminn af hinum nýju veitum þann tíma sólarhrings, sem rafmagnsnotkunin er mest. Að visu mun verða bætt úr því í bili, ef eimtúrbinustöðin, sem Reykjavíkurbær er að byggja, verður fullger á þessu ári, eins og vonir standa til. En með þeirri hraðvaxandi rafmagnsnotkun, sem verið hefur í Reykjavík, mun þessi orkuaukning verða fullnotuð jafnvel þegar á fyrsta ári, þannig að á árinu 1949 verði aftur orðinn skortur á rafmagni til þeirra raforkuveitna, sem tengdar eru Sogsvirkjuninni.

Um Laxárvirkjunina er sömu sögu að segja. Orka hennar er þegar fullnotuð af Akureyrarkaupstað einum saman. Þó á nú að tengja við þessa virkjun orkuveitu til Húsavíkur og til Grenjaðarstaðahverfis. Auk þess hefur verið ákveðið að leggja háspennulínu frá Akureyri til sjávarþorpanna við Eyjafjörð. Nú fer raforkuþörf Akureyrarkaupstaðar hraðvaxandi, eins og Reykjavíkur, og er því augljóst, að til vandræða horfir, nema viðbótarvirkjun í Laxá verði framkvæmd á svo skömmum tíma, sem frekast er unnt.

Reykjavíkurbær hefur um hríð látið vinna að undirbúningi nýrrar virkjunar í Soginu. Þar sem um stórvirkjun er að ræða og framkvæmd hennar hugsuð með öðrum hætti en verið hefur hér á landi áður, hefur m. a. þótt nauðsynlegt að leita til erlends sérfræðings um tæknilegan undirbúning verksins. Mun nú vera nokkur hætta á, að þessi undirbúningur tefjist, vegna þess að ekki hefur verið veitt umbeðið gjaldeyrisleyfi, svo að hægt hafi verið að gera samning við hinn erlenda sérfræðing, um að hann gangi frá fullnaðaráætlunum um framkvæmd virkjunarinnar.

Raforkumálastjóri hefur látið vinna að undirbúningi viðbótarvirkjunar í Laxá. Mun þeim undirbúningi svo langt komið, að ákveða megi, hvernig virkjuninni skuli hagað, og hefur raforkumálastjóri sótt um fjárfestingarleyfi fyrir virkjuninni, miðað við framkvæmdir á árunum 1948 og 1949. Fjárfestingarleyfi hefur þó enn ekki verið veitt.

Nú er alkunna, að mjög langan tíma tekur að fá afgreiddar vélar og annað efni til byggingar slíkra orkuvera. Það má þess vegna engum tíma spilla í undirbúningi þessara mála, og fásinna ein — þrátt fyrir takmarkaðan gjaldeyri — að veita ekki nauðsynleg gjaldeyrisleyfi í þessu sambandi, eða að hika við fjárfestingarleyfi til jafnlífsnauðsynlegra hluta og hér er um að ræða.

Það hefur enn ekki verið ákveðið, hvort Akureyrarkaupstað, sem á orkustöðina við Laxá, verður veitt leyfi til nýrrar virkjunar, eða hvort ríkið verður eigandi framhaldsvirkjunar þar. En það atriði má ekki og þarf ekki að tefja fyrir því, að hafizt verði handa um virkjunina, enda veitti Alþingi hinn 24. maí s. l. ríkisstjórninni heimild til þess að festa kaup á vélum og efni til virkjunarinnar og til að hefja verkið. Er nú með tillögu þessari ítrekað, að sú heimild skuli notuð.

Framkvæmd þessara virkjana hefur svo geysimikla þýðingu fyrir almanna-hag og afkomu heilla atvinnugreina, að óverjandi væri að láta óeðlilegan drátt verða á framkvæmdunum, enda mundi þá sá mikli skortur á raforku, sem þegar er og enn meira vofir yfir á allra næstu árum, valda miklum hluta þjóðarinnar hinum mestu vandræðum. Þykir flm. ástæða til, að Alþingi láti málið þegar til sín taka og leggi fyrir framkvæmdavaldið að greiða á allan hátt fyrir því, að virkjanirnar verði sem fyrst fullbúnar.